



Dagskrá atburða á vegum Skipulagsstofnunar 2008

Á árinu 2008 verða nokkur tímamót í sögu skipulags- og umhverfismála á Íslandi. Þá verða liðin 70 ár frá stofnun forvera embættis skipulagsstjóra ríkisins, 15 ár frá samþykkt laga um mat á umhverfisáhrifum og 10 ár frá gildistöku núgildandi skipulags- og byggingarlaga. Skipulagsstofnun hefur ákveðið að nota þessi tímamót til að vekja athygli á nokkrum viðfangsefnum stofnunarinnar og stuðla þannig að aukinni umræðu um skipulags-, umhverfis- og byggingarmál. Kynningarbæklingi þessum er ætlað að vekja athygli á þessum atburðum. Nánari upplýsingar um efni, tíma og stað verða eftir því sem við á gefnar fyrir hvern atburð þegar nær dregur. Í því samhengi má sérstaklega benda á heimasíðu stofnunarinnar, www.skipulag.is

Hafa ber í huga að viðburðatalið hér að neðan gæti breyst en nýjustu upplýsingar er alltaf að finna á heimasíðunni.

Janúar

Námskeið í skipulagsgerð sveitarfélaga

Skipulagsstofnun aðstoðar sveitarfélög og leiðbeinir um gerð skipulagsáætlana. Sem liður í þessu hlutverki verður haldið námskeið í gerð aðal- og deiliskipulagsáætlana og umhverfismati þeirra. Námskeiðið er sérstaklega ætlað starfsmönnum sveitarfélaga og ráðgjöfum sem sinna skipulagsgerð sveitarfélaga en er jafnframt opið öðrum sem áhuga hafa.

Námskeiðið verður haldið í Reykjavík dagana **31. janúar og 1. febrúar**.

Febrúar

Ný heimasíða

Heimasíður stofnana og fyrirtækja þurfa að vera í sífældri endurskoðun með síbreytilegum kröfum um efni þeirra og framsetningu. Skipulagsstofnun hefur að undanförunni unnið að endurskoðun heimasíðu sinnar. Stefnt er að því að opna nýja heimasíðu í febrúarmánuði.

Opnun skipulagsvefsjár

Skipulagsstofnun varðveitir allar skipulagsáætlanir sveitarfélaga. Unnið er að því að gera skipulagsáætlanirnar rafrænar með það fyrir augum að þær verði öllum aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar. Stefnt er að því að opna fyrir almennan aðgang í febrúar.

Málþing um umhverfismat áætlana

Á annað ár er liðið síðan að lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana tóku gildi. Til umfjöllunar á málþinginu verður reynslan af lögunum við skipulagsgerð sveitarfélaga og hvort umhverfismat áætlana virki í þeim tilgangi að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Áformað er að málþingið verði **28. febrúar**.

Alþjóðleg ráðstefna um snjóflóð

International Symposium on Mitigative Measures against Snow Avalanches Engineering, Environment, Society.

Verkfræðingafélag Íslands í samvinnu við umhverfisráðuneytið, Veðurstofu Íslands, Skipulagsstofnun, Vegagerðina o. fl. heldur alþjóðlega ráðstefnu á **Egilsstöðum 11. – 15. mars** um snjóflóð með áherslu m.a. á samfélagsleg áhrif þeirra. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um ráðstefnuna og skrá þátttöku á www.orion.is/snow2008

Mars

Apríl

Málþing um landsskipulag

Í fyrirbyggjandi frumvarpi til skipulagslaga er ákvæði um gerð landsskipulagsáætlunar þar sem mörkuð er stefna stjórnvalda í skipulagsmálum sem verða almenningsmuni.

Til umfjöllunar á málþinginu verður svo lík áætlun getur falið í sér auk þess hva kynnt verður staða landsskipulags í nágrannalöndunum.

Jim Mackinnon, skipulagsstjóri Skotlands, mun kynna nýja landsskipulagsáætlun fyrir Skotland.

Áformað er að málþingið verði haldið **10. apríl**.

Máí

Árlegur samráðsfundur Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga

Samráðsfundur Skipulagsstofnunar með sveitarfélögum verður í ár haldinn í maí. Til fundarins er boðið sveitarstjórnarmönnum, fulltrúum í skipulags- og byggingarnefndum sveitarfélaga ásamt skipulags- og byggingarfulltrúum. Til umræðu eru helstu viðfangsefni í skipulagsmálum sem Skipulagsstofnun og sveitarfélögin telja þörf á að ræða.

Hugmyndir um umræðuefni eru vel þegnar á netfangið: skipulag@skipulag.is

Ágúst

Ársfundur norrænna skipulagsyfirvalda á Höfn í Hornafirði

Skipulagsyfirvöld á Norðurlöndum hittast árlega til að skiptast á reynslu og þekkingu í tengslum við skipulags- og umhverfismál.

Í ár er komið að Íslandi að halda fundinn.

Meginþema fundarins að þessu sinni er þjóðgarðar og skipulag.

Fundurinn verður haldinn **27. – 30. ágúst á Höfn í Hornafirði** við rætur nýstofnaðs Vatnajökulsþjóðgarðs.

September

Málþing um loftslagsbreytingar og skipulag

Þjóðir heims standa frammi fyrir ógn af völdum loftslagsbreytinga. Skipulag byggðar og samgöngumáti eru talin vera mikilvægir þættir til að draga úr myndun gróðurhúsalofttegunda. Til umfjöllunar verða helstu áhrifavaldar og hvaða hlutverk skipulag getur gegnt til að fyrirbyggja eða bregðast við þessum áhrifum.

Október

Málþing um mat á umhverfisáhrifum

Árið 2008 eru liðin 15 ár frá gildistöku fyrstu laga um mat á umhverfisáhrifum. Lögin voru endurskoðuð árin 2000 og 2005. Á málþinginu er fyrirhugað að fjalla um hvort mat á umhverfisáhrifum hafi leitt til þess að dregjið hafi úr neikvæðum áhrifum framkvæmda á umhverfið og hvernig matsferlið hafi virkað með tilliti til þeirra markmiða að stuðla að upplýstri ákvarðanatöku og aðkomu almennings. Ætlunin er að fá fram sjónarmið ólíkra aðila, t.d. framkvæmdaraðila, umsagnaraðila og almennings. Leitast verður við að fá fram umræðu um þróun matsins í ljósi þeirra lagabreytinga sem hafa orðið. Málþingið er opið öllum, en sérstaklega ætlað þeim sem hafa tekið þátt í matsferlinu.

Nóvember

Að móta byggð

Í nýlegri athugun á vegum norrænu ráðherra-nefndarinnar er sýnt fram á að umhverfisleg gæði eru mikilvægur þáttur í velgengni borga og bæja og sem aðráttarafi á íbúa og fyrirtæki. Markmið ráðstefnunnar er að taka út stöðu þessara mála á Íslandi. Það verður gert með því að horfa til framtíðar með það að leiðarljósi að á Íslandi sé mótuð aðlaðandi byggð með búsetugæði, félagslegt jafnvægi og hagsæld að leiðarljósi.

Áformað er að halda ráðstefnuna á Alþjóðlega skipulagsdeginum **8. nóvember**.

Desember

Málþing um byggingarmál á Íslandi

Í árslok 2007 var hrint af stað átaki á vegum Skipulagsstofnunar í samvinnu við Brunamálastofnun sem snýr að því að taka út stöðu byggingarmála og -eftirlits á Íslandi.

Átakið er unnið í samráði við sveitarfélögin og Félag byggingarfulltrúa. Á málþinginu verða kynntar niðurstöður úttektarinnar.

Málþing um byggingarmálin verður í **byrjun desember**.

